



Styrkás

Mannauðsstefna samstæðu

Dags. 26.08.2024


Mannauðsstefna Styrkáss

Stefna þessi lýsir áherslum Styrkás hf. og dótturfélaga um mannauðsmál. Markmiðið með stefnunni er að skapa gott og eftirsótt starfsumhverfi og árangursdrifna vinnustaðamenningu sem laðar að gott starfsfólk. Stefnan endurspeglar jafnframt vilja félagsins til að virða í hvívetna lög og reglur er varðar öryggi og réttindi starfsfólks.

Markmið

Framtíðarsýn Styrkáss er að verða fremst í þjónustu á fyrirtækjamarkaði. Styrkás leggur áherslu á að laða að hæft og metnaðarfullt starfsfólk. Það gera félög Styrkáss með því að vera í fremstu röð sem vinnustaðir. Í því felst að leggja áherslu á vandað ráðningarferli, starfsánægju, skapa tækifæri til starfsþróunar og að vel sé staðið að aðbúnaði, öryggi og réttindum starfsfólks. Þá skal skapa vinnustaðamenningu þar sem frumkvæði starfsfólks sem stuðlar að bættum vinnubrögðum og árangri í rekstri er fagnað og starfsfólk er hvatt til að vinna saman þvert á félög innan samstæðu.

Þau gildi sem Styrkás leggur áherslu á að starfsfólk viðhafi í daglegum störfum eru:



Ráðningar, starfsþróun og starfslok

Það er stefna Styrkáss að hafa innanborðs hæft starfsfólk sem sýnir frumkvæði, vinnur vel saman og er tilbúið að taka þátt í breytingum til að skila bættum árangri.

Áhersla skal lögð á:

- Að ráða rétt fólk í rétt störf með vönduðu ráðningarferli.
- Að starfsmaður viti til hvers er ætlast í starfi þ.e að starfslýsing og hlutverk séu skýr.
- Að vel sé tekið á móti nýju starfsfólki og að nýliðaþjálfun taki mið af viðkomandi starfi.
- Að yfirmenn framkvæmi reglubundin samtöl við undirmenn þar sem endurgjöf er veitt á frammistöðu í starfi og hvaða þarfir eru til staðar varðandi fræðslu og þjálfun til að starfsfólk geti eftt sig og vaxið í starfi.
- Að starfslok séu framkvæmd á faglegan máta og boðið sé upp á starfslokanámskeið fyrir það starfsfólk sem er að fara á eftirlaun.
- Að starfsfólk hafi tækifæri til endurmenntunar og símenntunar og það sé hvatt til að vera vakandi yfir nýjum leiðum til að efla sig í starfi.

Jafnrétti, fjölbreytni og mannréttindi

Styrkás fagnar fjölbreytileika og leggur áherslu á að starfsfólk hafi jöfn tækifæri til að nýta hæfileika sína og krafta í starfi óháð kyni, aldri, hjúskaparstöðu, kynhneigð, þjóðerni, tungumáli, litarháttar, trúarbragða, skoðana, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.

Styrkás hefur í heiðri skyldur sem koma fram í lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu kvenna og karla og uppfyllir ávallt kröfur laga og reglna er snúa að mannréttindum, barnaþrælkun eða nauðungarvinnu.

Dótturfélög Styrkáss skulu starfrækja jafnréttisnefndir, skilgreina jafnréttisáætlanir og fá þær samþykktar af Jafnréttisstofu eins kveðið er á um í lögum nr.150/220 eins og við á.

Áhersla skal lögð á:

Launajafnrétti:

- Við ákvörðun launa skal þess gætt að ekki sé mismunað og starfsfólk fái greidd jöfn laun fyrir sambærileg störf. Með jöfnum launum er átt við að launin séu ákvörðuð út frá ábyrgð, menntun, starfsreynslu, frammistöðu og hæfni. Launamunur endurspeglast út frá mismunandi tegundum starfa. Hjá þeim félögum innan samstæðunnar sem bera að vera jafnlaunavottuð skal vera í gildi verklagsregla um launaákvörðanir í samræmi við kröfur ÍST 85:2012 jafnlaunastaðalsins.

Laus störf og framgangur í starfi:

- Við ráðningu og framgang skal huga að samsetning starfsfólks sé fjölbreytt.
- Auglýst störf skulu vera ókyngreind.

Líðan starfsfólk og starfsandi:

- Styrkás leggur áherslu á að starfsfólk hafi tækifæri til að þróast og eflast í starfi og að hagsmunir starfsfólks og félagsins fari saman. Markmið Styrkáss er að skapa umhverfi þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að benda á það sem betur megi fara og við þeim ábendingum sé brugðist.

Þáttaka í nefndum og starfshópum:

- Við val til þátttöku í nefndum og öðrum starfshópum innan Styrkáss er ávallt fagþekking sem stýrir valinu. Horfa skal einnig til að jafna hlut karla, kvenna og fólks með hlutlausu skráningu kyns og hafa sem bestan þverskurð af starfsfólki eins og kostur er.

Starfsánægja og velferð

Styrkás vill stuðla að starfsánægju og starfsánægjukannanir eru reglulega framkvæmdar hjá félögum samstæðunnar. Niðurstöður þeirra eru kynntar fyrir stjórnendum og starfsfólki og skal markvisst unnið í úrbótum til að viðhalda eða auka starfsánægju. Til að auka starfsánægju eru skemmtanir reglulega í boði fyrir starfsfólk og maka þar sem starfsfólk getur styrkt félagsleg tengsl sín á milli. Styrkás leggur sig fram við að stuðla að góðu starfsumhverfi þar sem hugað er að andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks. Styrkás leggur áherslu á að stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs eins og kostur er.

Áhersla skal lögð á:

- Á fyrirsjáanlegan vinnutíma dagvinnustarfsfólks.
- Það starfsfólk sem er á vöktum hafi aðgang að skipulögðu vaktafyrirkomulagi fram í tíma.
- Að komið sé til móts við starfsfólk með sveigjanleika þar sem því verður viðkomið.
- Að veita starfsfólki árlega styrk til að stunda heilnæma líkamlega hreyfingu að upphæð 40 þ.kr, gegn reikningi svo sem fyrir áskrift að líkamsræktarstöðvum, golfklúbbum, sundstöðum, og öðrum heilsutengdum stöðvum.
- Að fastráðnu starfsfólki af erlendum uppruna sé boðið upp á íslenskunámskeið á kostnað Styrkáss, utan vinnutíma.
- Að boðið sé upp á niðurgreiddan hádegisverð.
- Að boðið sé upp á árlegt heilsufarsmat á vegum Vinnuverndar eða sambærilegs aðila.
- Að boðið sé upp á árlega bólusetningu gegn inflúensu.
- Að boðið sé upp á fræðslu um líkamlega og andlega heilsu.

- Að boðið sé upp á aðgengi að sálfræðingi eða hjúkrunarfræðingi í veikindum í samstarfi við Vinnuvernd eða sambærilegan aðila.

Öryggismál

Öryggismál eru órjúfanlegur þáttur í rekstri Styrkáss og dótturfélaga og er markmið samstæðunnar að skapa vinnuumhverfi sem stuðlar að slysalausum vinnustöðum þar sem ekkert starfsfólk, verktakar eða aðrir biða heilsutjóns vegna vinnu sinnar fyrir samstæðuna. Styrkás hefur í því skyni skilgreint eftirfarandi áherslur í öryggismálum sem öll dótturfélög skulu fara eftir:

Áhersla skal lögð á:

- Að hvert félag skilgreini nánar ábyrgðarsvið vegna öryggismála sem og öryggisferla sem taka mið af þeim kröfum, lögum og reglugerðum sem gilda um viðkomandi starfsemi.
- Að stuðla að öryggisvitund starfsfólks með aðgengilegum öryggisreglum, kynningum og reglubundinni þjálfun.
- Að starfsfólk sé meðvitað um eigin ábyrgð hvað varðar eigið öryggi á vinnustaðnum og leitast við að koma auga á hvernig hægt er að bæta vinnuumhverfið.
- Að áhættumat starfa sé framkvæmt reglubundið.
- Að unnið sé samkvæmt skilgreindum verkferlum í starfsemi hvers félags eftir því sem við á, sem eru yfirfarnir og endurbættir reglulega.
- Að öll öryggisatvik séu skráð, orsakar greindar og ef við á umbætur gerðar samkvæmt niðurstöðu greiningar.
- Að starfsfólk þekki og kunni viðbragðs- og rýmingaráætlanir.
- Að tryggja aðgengi starfsfólks að heilsu- og vinnuverndar úrræðum.
- Að framkvæmdar séu innri úttektir með reglubundnum hætti og byggt á niðurstöðum þeirra sé hvort metið hvort úrbóta sé þörf. Markmiðið með því er að stuðla að stöðugum umbótum í öryggismálum

Einelti, kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi

Allt starfsfólk á rétt á að komið sé fram við það af virðingu. Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni verður ekki liðið og er það skylda stjórnenda að skapa góð vinnuskilyrði og að taka faglega á slíkum málum ef þau koma upp. Allar ábendingar og kvartanir um slík mál ber að taka alvarlega og fylgja eftir samkvæmt stefnu og viðbragðsáætlun Styrkáss gegn einelti, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi.

Stefna þessi skal vera kynnt starfsfólki innan samstæðu félagsins og gerð aðgengileg á innra vefsvæði félagsins og dótturfélaga þess. Hún skal endurskoðuð af stjórn árlega.

Þannig samþykkt af stjórn Styrkáss þann 26.08.2024